



Alþingi
Erindi nr. P/32/983
komudagur 23.2.2006

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2006
Tilvísun: 200602-0011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál.


Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á tóbaksvarnarlögum að reykingar í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007.

Út frá vinnuverndarsjónarmiðum telur Alþýðusamband Íslands að þessi breyting sé mjög til hagsbóta fyrir starfsfólk á veitinga- og skemmtistöðum.

Alþýðusamband Íslands er sammála umræddri breytingu og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

f.h. Alþýðusambands Íslands,


Stefán Úlfarsson

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. ^{april} ~~mars~~ 2006

**Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
388. mál, reykingabann.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka hjálögðu frumvarpi fagnandi.

Börn eru tíðir gestir í þjónusturýmum sem almenningur hefur aðgang að, til dæmis á áhorfendasvæðum, biðstofum, gestamóttökum, forstofum, göngum, snyrtiherbergjum og á fleiri stöðum. Einnig verja flest þeirra miklum tíma á svæðum þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, til dæmis íþróttá- og tómsundastarf.

Börn eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra og virða ber rétt þeirra til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra. Þegar af þeirri ástæðu styðja Barnaheill – Save the Children á Íslandi frumvarpið fortakslaust.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Alþingi
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2006

Tilvísun 2006020063/9.11/BK/--

Alþingi

*Erindi nr. P 132/980
komudagur 23.2. 2006*

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tóbaksvarnir

Brunamálastofnun gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Virðingarfyllst

Björn Karlsson
Björn Karlsson



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. P 132/1035
komudagur 24.2.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2006.

Heiðruðu nefndarmenn !

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur fengið til umsagnar stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, 388. mál.

Þakkar félagið fyrir að fá þetta tækifæri til umsagnar.

Í inngangi segir að eftir endurskoðun á þeim ákvæðum fyrri laga sem heimila að reykt sé á afmörkuðum svæðum veitinga – og skemmtistaða sé nú lagt til að reykingar í þjónusturými á veitinga – og skemmtistöðum verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007.

Meginmarkmið frumvarpsins er vinnuvernd starfsmanna með vísan til vinnuverndarlaga og tóbaksvarmalaga og vernd almennings þar sem ört vaxandi vísindalegar sannanir séu um að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum. Forsagan er svo rakin og þar vitnað til laga um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum, samhljóða samþykkt heilbrigðisáætlunar á Alþingi 1999, undirritun 2003 á rammamálum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og síðan vitnað til samþykktar Samtaka ferðaþjónustunnar 2005 um að allir veitinga – og skemmtistaðir skyldu vera reyklausir frá og með 1. júní 2007.

Í greinargerð Lýðheilsustöðvar koma fram uggvænlegar upplýsingar um afleiðingar óbeinna reykinga á heilsufar fólks og þar nefndar margar þekktar sjúkdómsafleiðingar og er það langur listi m.a lungnasjúkdómar, hjarta – og æðasjúkdómar, heilablóðfall, allt yfir í vöggudauða barna.

Í ljósi alls þessa þykir félaginu sjálfgefið að mæla með samþykkt frumvarpsins, enda þekkjast svo margir þessar skelfilegu afleiðingar að ekki þarf um nauðsyn lögfestingar þess að efast. Eflaust kunna einhverjir félagar okkar að telja að hér sé fulllangt gengið einkum varðandi þjónusturými úti, en við vitum okkur tala fyrir yfirgnæfandi fjölda okkar fólks þegar við mælum eindregið með samþykkt frumvarpsins.

F.h. Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni


Margrét Margeirsdóttir formaður


Helgi Seljan varaformaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Umsögn Félags íslenskra lungnalækna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Félag íslenskra lungnalækna (FÍL) styður frumvarp þetta heilshugar. Megintilgangur þess er tengdur vinnuvernd, þ.e. að tryggt sé að starfsmenn fái notið þess réttar að andrúmsloft sé ekki mengað tóbaksreyk. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að áhrif þess munu einnig ná til þeirra sem sækja veitinga- og skemmtistaði, þ.e. þeir munu geta notið ómengað lofts á þessum stöðum.

Félagið gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

21. febrúar 2006


Sigríður Ólína Haraldsdóttir, ritari FÍL


Gunnar Guðmundsson, formaður FÍL



Félag íslenskra heimilislækna

Hlíðarsmára 8 • 201 Kópavogur

Alþingi
Erindi nr. P 132/800
komudagur
9.2.2006

Kópavogi 7. febrúar 2006


Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
105 Reykjavík

Umsögn Félags íslenskra heimilislækna vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr.6/2002, um tóbaksvarnir, 388.mál.

Félag íslenskra heimilislækna fagnar mjög og styður heilshugar frumvarp til laga um bann við reykingum á öllum vinnustöðum þar með talið veitinga- og skemmtistöðum.

Samband tóbaksreyks og ýmissa banvænna sjúkdóma hefur lengi verið þekkt og hafa heimilislæknar, eins og aðrir heilbrigðisstarfsmenn, litið á það sem skyldu sína að berjast gegn tóbaksnotkun. Stjórnvöld hafa einnig axlað ábyrgð í þessu efni og hafa beitt sér fyrir aðgerðum sem eiga tvímælalaust þátt í því að Íslendingar standa framarlega í baráttunni gegn reykingum. Tengsl óbeinna reykinga og sjúkdóma í hjarta og lungum er nú vel þekkt og tóbaksreykur í vinnuumhverfi fólks samsvarar því alvarlegri mengun á vinnustað. Lög og reglur sem vernda starfsfólk fyrir mengun á öllum vinnustöðum eru því afar nauðsynleg og mikilvæg.

Virðingarfyllst



Elínborg Bárðardóttir
Formaður Félags íslenskra heimilislækna

Alþingi
Erindi nr. P 132/979
komudagur 23. 2. 2006



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál, reykningabann.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar beiðni um umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir. Félagið fagnar frumvarpinu og hvetur til samþykkis þess.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur það sjálfsögð réttindi hvers vinnandi manns að vinna í heilnæmu vinnurými. Með frumvarpinu er unnið að því að vernda heilsu starfsfólks veitinga- og skemmtistaða auk þess að vernda gesti þessara staða. Leiða má líkum að því að reykningabann á skemmtistöðum geti dregið úr reykningum í heild og ekki síst meðal ungs fólks, sem oft byrjar fikt við reykningar á skemmtistöðum.

Skaðleg áhrif óbeinna reykninga eru margsönnuð og þekkt er að óbeinar reykningar eru án efa einn öflugasti krabbameinsvaldur sem fólk verður fyrir í vinnu sinni. Reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum er því tímabært.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/1328
komudagur 15. 3. 2006

Reykjavík, 15. mars 2006.

Félagið Læknar gegn tóbaki
Hlíðarsmára 8, 201 Kópavogi

Heilbrigðisnefnd Alþingis
b.t. Jónínu Bjartmarz formanns

Erindi: Umsögn Félagsins Lækna gegn tóbaki um Þskj. 470 — 388. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.
(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Virðulegu nefndarmenn.

Stjórn Lækna gegn tóbaki vill lýsa yfir stuðningi við framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Núverandi tóbaksvarnarlög eru forsenda fyrir tóbaksvörnum í samfélaginu og eru mikilvægur liður í forvarnarstarfi vegna tóbaksneyslu. Þar fara saman takmarkanir á dreifingu, sölu og kynningu á tóbaksvörum og takmarkanir á aðgengi nýrra neysluvara sem innihalda tóbak, til sölu hér á landi til að hindra nýliðun í hópi þeirra sem fíknir eru í tóbak í samfélaginu og til að styðja þá sem reyna að hætta neyslu, við að ná árangri.

Frumvarp þetta felur í sér mikilvægar breytingar vegna aukins styrks vísindalegra rannsókna sem sýna nú, svo að hafið er yfir allan vafa, að óbeinar reykingar geta valdið alvarlegum sjúkdómum hjá þeim sem útsettir eru. Nái frumvarp þetta fram að ganga mun það verja starfsmenn í veitinga- og skemmtanaíðnaði gegn óbeinum reykingum á vinnustað sínum en þeir eru einu starfsmennirnir sem ekki hafa notið þeirrar verndar í *Vinnuverndarlögum* nú. Mikilvægast er að verja starfsmenn gegn langvarandi dvöl í reykmenuguðu lofti og er vel staðfest með rannsóknum að aðskilin svæði með reykinga- og reyklusum svæðum ná ekki þeim markmiðum.

Þegar hafa sambærileg lög verið sett í mörgum vestrænum löndum. Fyrst fékkst reynsla frá Bandaríkjamönnum og þeim löndum fjölgar ört sem sett hafa slíka löggjöf, með góðum árangri. Af okkar helstu nágrönnum voru Írar og Norðmenn fyrstir með algjört bann við reykingum innanhúss á veitinga- og skemmtistöðum. Skotar og Bretar hafa einnig samþykkt samhljóða lög. Reynsla þessara þjóða er almennt góð, framkvæmd hefur verið án teljandi vandræða og áhrif á umsvif í rekstri hafa verið lítil. Svíþjóð er eina landið sem hefur við slíka lagasetningu gefið rekstaraðilum kost á að innrétta lokuð reykherbergi þar sem engar veitingar eru leyfðar. Gerðar voru strangar kröfum um loftræstingu og stýrð loftskipti til að hindra loftstreymi frá þeim inn í annað þjónusturými. Samkvæmt skýrslu á vef sænsku lýðheilsustöðvarinnar höfðu í október síðastliðnum (4 mánuðum eftir gildistöku laganna hjá þeim) aðeins 2% rekstaraðila lagt út í þær innréttingar sem þarf til að leyfa reykingar (www.fhi.se *Tobaksuppdraget, Sammenfattning av slutrapport från Statens Folkhälsoinstitut, december 2005*). Rúmlega 80% gesta veitingahúsa og skemmtistaða þar höfðu hins vegar ekki séð reykherbergi og/eða vissu ekki af þeim.

Kannanir á viðhorfi almennings, starfsmanna og rekstraraðila í veitinga- og skemmtanaíðnaði gefa til kynna jákvætt viðhorf til slíkrar lagasetningar hér á landi. Nauðsynlegt er þó að undirbúa hana vel með skipulegri fræðslu m.a. til almennings og starfsmanna þessara staða, einnig viðhorfskönnunum meðal almennings og mati á umsvifum rekstraraðila áður og eftir gildistöku laganna og að tryggja góða almenna kynningu á þeim niðurstöðum. Einnig er nauðsynlegt að skilgreina vel ábyrgðarsvið mismunandi stofnana við undirbúning á framkvæmd og við gildistöku laganna. Efla þarf eftirlit með veitingahúsum og skemmtistöðum, amk. tímabundið á meðan lögin taka gildi.

Ánægjulegur fylgifiskur slíkrar lagasetningar í nágrannalöndum okkar hefur verið minni sala á tóbaki og fjölgun þeirra sem vilja hætta að reykja í þeim samfélögum sem hafa sett slík lög. Hér á landi er brýnt að efla reykleysismeðferð í heilbrigðisþjónustunni sem fyrst til að undirbúa þjónustu við þá aðila sem kjósa að hætta reykingum, nái þessi lög fram að ganga.


Að þessu sögðu vonumst við til að breið samstaða sé um frumvarp þetta og að það nái fram að ganga sem allra fyrst og með nauðsynlegum fjárveitingum til þeirra sem eiga að sjá um framkvæmd verkefnisins.

Við höfum ekki endursagt hér allt það sem fram kom á fundi okkar með Heilbrigðisnefnd Alþingis þann 28. febrúar sl. en hvað eina af því sem fram kom þá eða sem telst þurfa nánari útlistunar við skulum við svara fyrir.

Við biðjumst velvirðingar á að dráttur hefur orðið á að skila þessu til nefndarinnar skriflega og vonumst til að þetta innlegg geti orðið gagnlegt engu að síður.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar Lækna gegn tóbaki,



Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður

Karlvogi 13, 104 Reykjavík

S: 898 3891

Netfang: lilja.jonsdottir@landlaeknir.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1090
komudagur 28.2.2006

Reykjavík, 27. febrúar 2006

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Jónína Bjartmarz, formaður

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er
umsagnar félagsmálanefndar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, mál. ~~340~~. 388
Álitið sendist nefndinni hér með.

F.h. formanns félagsmálanefndar

Selma Hafliðadóttir
nefndarritari

Umsögn

Félagsmálanefnd hefur borist bréf heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál. Með frumvarpinu er lagt til að reykingar í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007. Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja vinnuvernd starfsmanna, en vinnuvernd heyrir til málefnasviðs félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið eftirtalda gesti á sinn fund: Hjördísi Baldursdóttur frá Eflingu stéttarfélagi, Jakobínu H. Árnadóttur frá Lýðheilsustöð, Niels Sigurð Olgeirsson frá Matvís, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Kristín Tómasson og Steinar Harðarson frá Vinnueftirliti ríkisins.

Til skoðunar koma lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 (vinnuverndarlög). Markmið laga um tóbaksvarnir er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Jafnframt skal virða rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem mengað er af tóbaksreyk af völdum annarra. Í vinnuverndarlögunum kemur fram að með lögunum sé leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi.

Þeir gestir sem komu á fundi nefndarinnar fagna frumvarpinu og telja mikilvægt að starfsmenn á veitinga- og skemmtistöðum sitji við sama borð og starfsmenn á öðrum vinnustöðum, þannig að þessir starfsmenn geti notið reyklauss umhverfis við vinnu sína. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið. Bent var á að ef veittar eru undanþágur frá þeirri meginreglu, sem lesa má út úr III. kafla laga um tóbaksvarnir, að reykingar séu óheimilar á opinberum stöðum þá muni þeir starfsmenn sem starfa í reykmettuðu umhverfi ekki njóta þeirrar verndar sem kveðið er á um í vinnuverndarlögunum og því ekki geta starfað í heilsusamlegu umhverfi.

Fram kom hjá fulltrúum Vinnueftirlits ríkisins að almenn ánægja sé með það fyrirkomulag að bannað sé að reykja á vinnustöðum. Í máli þeirra kom auk þess fram að samkvæmt frumvarpinu verði starfsmenn veitinga- og skemmtistaða verndaðir fyrir óbeinum reykingum af völdum annarra, en fjöldi annarra ríkja hefur nú þegar stigið slíkt skref vegna vinnuverndarsjónarmiða. Óbeinar reykingar hafa afar slæm áhrif á heilsu fólks og má í því sambandi benda á greinargerð Lýðheilsustöðvar sem er fylgiskjal með frumvarpinu.

Fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar nefndi tvö atriði sem nefndinni finnst rétt að minnast á í umsögn þessari. Annars vegar kom fram að veitingamenn óski ekki eftir því að heimild verði til staðar til að hafa svokölluð reykherbergi á veitinga- eða skemmtistöðum. Hins vegar kom fram athugasemd um að þjónustuvæði utan húss sé sérstaklega skilgreint í frumvarpinu, þ.e. í a-lið 2. gr. Telja samtökin slíka skilgreiningu frekar eiga heima í reglugerð en í lagatexta. Í framhaldi af fyrrnefnda atriðinu um reykherbergi, má nefna að fulltrúi Lýðheilsustöðvar benti á að vinnuverndarsjónarmið gildi einnig gagnvart þeim herbergjum því þau þurfi starfsmenn að þrifa.

Rætt var í nefndinni um gildi vísindalegra rannsókna um skaðsemi óbeinna reykinga og fram komu vangaveltur um hvort skerðing á persónufrelsi væri að ræða yrði frumvarpið

N : \ S e l m a \ 1 3 2 \ F É L A G S M Á L A N E F N D \ A N N A Ð
FÉLAGSMÁLANEFND\umsogn-reykingabann-felagsmalanefnd.wpd **I vinnslu**

samþykkt.

Nefndin leggur á það áherslu að vinnuverndarlöggjöfin verður að gilda um allt starfsfólk og standa engin rök til þess að starfsfólk veitinga- og skemmtistaða njóti ekki heilsusamlegs umhverfis við vinnu sína. Leggur nefndin því til að frumvarpið verði samþykkt.



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

Alþingi
Erindi nr. P 132/1274
komudagur 13.3.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Akureyri 10. mars 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

Með bréfi dags. 6. febrúar s.l. er óskað eftir umsögn um ofanefnt frumvarp.

Hér með sendist umsögn lækna ráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, sem framkvæmdastjórn FSA hefur ákveðið að gera að sinni.

Með kveðju,
Virðingarfyllst,
F.h. framkvæmdastjórnar FSA,

Þorvaldur Ingvarsson,
framkvæmdastjóri lækninga.

PI/JR



LÆKNARÁÐ FSA

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri
Sími: 463 0100 Myndsími: 462 4621

Akureyri 4. mars 2006.

Umsögn læknaráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) um: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Læknaráð FSA fagnar þessu frumvarpi sem þó hefði mátt ganga lengra í að vernda heilsu þeirra sem ekki reykja. Banna ætti allar reykingar á sjúkrahúsum og breyta 10.gr núvarandi laga í samræmi við það.

1. gr. Má skilja viðbótina við 2. gr þannig að t.d. veitingamönnum sé heimilt að hafa reykingaherbergi til afnota fyrir viðskiptina vini, reykingaherbergi sem er aðgangsfritt og þar sem engin þjónusta er veitt?
2. gr. Breytingar á 9.gr.
 - a) Færanlegt þak og veggir sem umlykja að hálfu leiti er að mati læknaráðs orðlag sem bíður upp á hártoganir. Banna ætti reykingar á öllum þjónustusvæðum utanhúss.
 - b) Allar reykingar ætti að banna á gististöðum.

Fyrir hönd stjórnar læknaráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri

Gunnar Þór Gunnarsson, formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1220
komudagur 9. 3. 2006

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis

388. mál, tóbaksvarnir

Ég var gestur heilbrigðisnefndar á þriðjudaginn var sem formaður Lækna gegn tóbaki og þar var óskað eftir heimild fyrir hæstaréttardómi sem gekk í Noregi um skaðsemi óbeinna reykinga.

Hér hangir við ensk þýðing á þeirra frumvarpi og tilvísun þar í dóminn sjálfan, á blaðsíðu 8, undir lið 2.4 er svohljóðandi texti:

A Supreme Court ruling published in No. 2000 of the Norwegian court gazette *Norsk retstidende*, p. 1614, awarded a

female bartender who had worked in nightclubs with high levels of environmental smoke for several years compensatory damages for injuries sustained because of passive smoking pursuant to the Norwegian act on workrelated

injury insurance. The plaintiff herself smoked from 10 to 15 cigarettes a day, but the Supreme Court reached the conclusion that this fact should not entail a reduction of the compensatory damages. The expert witnesses concluded that passive smoking had contributed at least 40% to the plaintiff's development of lung cancer, while her

own smoking contributed no more than 60 percent.

Láttu mig vita ef þörf er fyrir meiri gögn en þetta. Skrifleg umsögn félagsins fylgir svo í kjölfarið innan skamms.

Bestu þakkir,

Lilja Sigrún Jónsdóttir, læknir og formaður Lækna gegn tóbaki

Alþingi
Erindi nr. P 132/1005
komudagur 23.2.2006



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Jónína Bjartmarz, formaður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@htr.stjr.is
www.heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 20. febrúar 2006
Tilv.: HTR04100048/03.02

Efni: Óbeinar reykingar

Vegna umræðu sem fram fór á Alþingi þann 31. janúar s.l. um starf Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Genf varðandi óbeinar reykingar vakti ráðuneytið athygli stofnunarinnar á efni umræðunnar. Hinn 15. febrúar sl. barst heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra síðan hjálagt bréf frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í Genf þar sem ásökunum þeim sem fram komu í umræðunni er svarað og jafnframt óskað eftir því að efni bréfsins sé komið á framfæri við þingið.

Af þessu tilefni óskar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftir því að formaður heilbrigðis- og trygginganefndar kynni efni bréfsins fyrir þingmönnum sem sæti eiga í nefndinni og taki efni bréfsins til umræðu á þingi eftir því sem efni standa til.

Jónína Bjartmarz

Fylgiskj.: 1. Afrit símbréfs frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í Genf dags. 15.febr.2006.
2. Þýðing löggilts skalapýðanda á bréfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf dags. 15.febr.2006

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin
20, Avenue Appia
CH-1211 Genf 27
Sviss

Hr. J. Kristjánsson
Heilbrigðis- og félagsmálaráðherra
Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti
Vegmúla 3
IS-150 Reykjavík

15. febrúar 2006

Kæri ráðherra,

Athygli okkar hefur verið vakin á umræðu í íslenska þinginu hinn 31. janúar þessa árs þar sem vikið er að starfi Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar varðandi óbeinar reykingar. Ég yrði yður þakklátur ef þér kæmuð á framfæri við viðkomandi aðila eftirfarandi upplýsingum er tengjast yfirlýsingum sem fluttar voru í þinginu.

Rannsóknin frá 1998, sem vikið var að í þinginu, varð til þess að tóbaksiðnaðurinn hóf mikla herferð í fjölmiðlum til að reyna að andmæla því að hætta á lungnakrabbameini tengdist óbeinum reykingum, enda eru þessi tengsl vísindalegur grunnur lagasetningar sem verndar þá er ekki reykingar í vinnu og á opinberum stöðum.

Árið 2000 tókst rannsóknaraðilum frá Háskólanum í Kaliforníu, í San Fransisco, að fá aðgang að skjölum frá tóbaksframleiðendum sem gáfu ítarlega til kynna hve langt sum fyrirtæki höfðu gengið árið 1998 til að tryggja að fram kæmu villandi yfirlýsingar og dregnar værnangar ályktanir varðandi rannsóknina. Grein sem birtist í læknisfræðitímaritinu "The Lancet" lýsti nákvæmlega þessari viðleitni tóbaksiðnaðarins og Alþjóðastofnunin á sviði krabbameinsrannsókna (sem tekið hafði þátt í rannsóknarverkefnum árið 1998) sendi frá sér fréttatilkynningu á þessum tíma þar sem fordæmdir voru þeir aðilar innan iðnaðarins sem reynt höfðu að grafa undan starfsemi stofnunarinnar.

Í reynd sýndi rannsóknin frá 1998 að aukin hætta á lungnakrabbameini (16%), fylgir því að verða fyrir áhrifum óbeinna reykinga á vinnustað eða í hjónabandi. Ekki var minnst á þessa áhættu í herferð tóbaksiðnaðarins. Þetta er lítil aukning miðað við tuttugufalda aukningu áhættu sem fylgir því að reykja sjálfur, en þegar horft er til þess mikla fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum óbeinna reykinga, er áætlað að 3000 tilfelli lungnakrabbameins í Bandaríkjunum og 2500 í Evrópu stafi af óbeinum reykingum.

Á þessu tímabili hefur Alþjóðastofnunin á sviði krabbameinsrannsókna (IARC) yfirfarið vandlega öll sönnunargögn varðandi tengsl lungnakrabbameins og óbeinna reykinga, að meðtalinni þessari rannsókn. Að lokum, fram kom skýr niðurstaða í Fræðsluriti IARC um

tóbaksreyk og óbeinar reykingar (2004), “jafnvel óbeinar reykingar í algengu meðallagi hafa sýnt sig að valda lungnakrabbameini meðal þeirra sem ekki reykja. Tóbaksreykur frá öðrum veldur krabbameini í fólki.”

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin leggst eindregið gegn atferli framleiðenda af því tagi sem tengdist rannsókninni frá árinu 1998. Slíkt grefur undan vísindum og truflar skynsamlega stefnumörkun.

Yðar einlægur,

Denis G. Aitken
Aðstoðarforstjóri og stjórnarmeðlimur
Skrifstofa forstjóra

Þýðing staðfest, 21. febrúar 2006

Rafn Kjartansson
Löggiltur skjalapýðandi



**World Health
Organization**

20, AVENUE APPIA - CH-1211 GENEVA 27 - SWITZERLAND - TEL CENTRAL +41 22 791 2111 - FAX CENTRAL +41 22 791 3111 - WWW.WHO.INT

Tel. direct: +41 22 791
Fax direct: +41 22 791
E-mail :

In reply please
refer to:

Your reference:

HEILBRIGDIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNTYTID	
F# 03.02	Afgr. Svarfr.
15. FEB. 2006	
Afm. (86) + 6W7 + 8M	
Málsnr. HTR	04/100048

Mr J. Kristjánsson
Minister of Health and Social Security
Ministry of Health and Social Security
Vegmúla 3
IS-150 Reykjavik

15 February 2006

Dear Minister,

Our attention has been drawn to the debate in the Icelandic Parliament on 31 January this year in which reference has been made to the World Health Organization's work on passive smoking. I would be grateful if you could advise those concerned of the following information which is relevant to the statements made in Parliament.

The 1998 study referred to in Parliament was the subject of a strong media campaign by the tobacco industry to try to dispute the lung cancer risk associated with passive smoking because it is this association that gives the scientific basis for legislation protecting nonsmokers at the workplace and in public places.

In 2000, researchers from the University of California, San Francisco were able to have access to tobacco industry documents which gave details of the lengths to which some companies had gone in 1998 to ensure that misleading statements were made and wrong inferences drawn from the study. An article detailing the tobacco industries efforts was published in the medical journal "The Lancet", and the International Agency for Research on Cancer (which had been involved in the 1998 study) issued a press release at the time condemning those in the industry who had sought to undermine their work.

Actually, the 1998 study did show that exposure to passive smoking at the workplace or through spouse results in an increased (16%) risk of lung cancer, which was not mentioned by the tobacco industry campaign. A small increase, when compared to the 20-fold increase of risk by active smoking, but, given the large populations exposed to passive smoking, in the USA 3000 and in Europe 2500 cases of lung cancer annually are estimated to be caused by passive smoking.


Mr J. Kristjánsson
Minister of Health and Social Security

Page 2

Over this time, the whole body of evidence linking lung cancer and passive smoking has been extensively reviewed by IARC including this study, and finally the IARC Monograph on Tobacco Smoke and Involuntary Smoking (2004) clearly concluded, "Even the typical levels of passive exposure have been shown to cause lung cancer among never smokers. Second-hand tobacco smoke IS carcinogenic to humans."

WHO has a strong position against industry activities such as those relating to the 1998 study, which undermine science and interfere in sound policy development.

Yours sincerely



Denis G. Aitken
Assistant Director-General and Director,
Office of the Director-General

Heilbrigðis- og trygginganefnd

388. mál, tóbaksvarnir

Tillaga að breytingu á 2. gr. frumvarpsins skv. beiðni nefndarinnar.

a. Seinni málsliður 1. mgr. 9. gr orðast svo:

“Sama gildir um tilsvarendi svæði utan dyra, séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi.”

e. 6. mgr. verður að 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð, í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum, meðal annars hvað varðar svæði utan dyra sbr. 1. mgr.

Greinargerð:

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að ákvæðið um bann við reykingum geti, auk “þjónusturýma” innan húss einnig náð til tilsvarendi svæða utan dyra - þ.e. svæða sem tengjast þjónustu við almenning - enda séu þau “ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi” að þeim og frá.

Ætlast er til að frekari leiðbeiningar um framkvæmdina að því er þetta varðar verði settar með reglugerð, sjá lið e, svo sem um hámarkslokun reykisvæða (þak, skjólveggir) með tilliti til kröfunnar um loftstreymi og um skil milli reykisvæða og reyklusra svæða utan dyra ef svo ber undir. Orðið “viðunandi” beri í þessu sambandi að túlka með hliðsjón af 1. gr. laga um tóbaksvarnir, sbr. og III. kafla laganna almennt. Beri því að gera meiri kröfur fremur en minni til loftstreymis, og þar með loftskipta, svo að verjandi sé að leyfa reykingar.

Þá er gert ráð fyrir að í reglugerðinni verði tekið mið af þeim ákvæðum í núgildandi lögum, 2. og 4. mgr. 9. gr., að tryggja skuli að “aðgangur að reyklusu svæði liggi ekki um reykingasvæði” og “reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar”, hvort heldur er innan dyra eða utan.

Alþingi, nefndarsvið
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/32/ 982.
komudagur 23.2.2006.


Garðabær 22. febrúar 2006

Umsögn vegna frumvarps til laga um tóbaksvarnir. 388. mál.

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 20. febrúar 2006 var ofangreint mál til umfjöllunar. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

“Heilbrigðisnefnd lýsir stuðningi sínum við frumvarpið.”

Virðingarfyllst,
f. h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
frankvæmdastjóri.





HEILBRIGÐISEFTIRLIT
KJÓARSVÆÐIS

KJÓS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/820
komudagur 10.2.2006

7. febrúar 2006

**Umsögn um drög að frumvarpi til laga um tóbaksvarnir, 388. mál,
reykingabann.**

Undirritaður lýsir yfir ánægju sinni með framkomið frumvarp og vonar að það verði samþykkt á Alþingi. Með samþykkt þess verður mun auðveldara að tryggja rétt viðskiptavina, sem ekki reykja, til að vera í reyklösu umhverfi og rétt starfsmanna í veitingahúsum til reyklösu umhverfis á vinnustað.

Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Arni Davíðsson

Arni Davíðsson
heilbrigðisfulltrúi

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

ADSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • SÍMI: 525 6795 • MYNDSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

NETFÖNG: thn@mos.is og ad@mos.is • VEFUR: www.eftirlit.is



HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Glerárgötu 26, 600 Akureyri · Símar: 462 4431 og 460 1184 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkudeild · Garðarsbraut 19, 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Fax: 464 1395 · Netfang: oggi@hne.is

Alþingi

Erindi nr. P 132/953

komudagur 22.2.2006

Akureyri, 21-02-2006

Heilbrigðis- og tryggingarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Einnig sent í tölvupósti.

Efni: Umsögn um 388. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Umsögn:

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra styður fyrirhugaðar breytingar á tóbaksvarnarlögum.

Vitað er að einhverjir veitingamenn vilja þjónusta reykingamenn. Því er ólilegt að opna umræðu á þá fyrirmynd sem er í Ítalíu, Svíþjóð og Tékklandi að leyfa sérstök reykerbergi sem engin þjónusta er í. Þau verði alveg lokuð frá öðrum svæðum og með sér loftræstingu. Tryggja þarf að aðrir gestir verði ekki fyrir tóbaksmengun.

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra


Valdimar Brynjólfsson
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/929
komudagur 21.2.2006

Alþingi
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Selfossi, 20. febrúar 2006
0602043HS BÞ


Efni: 388. mál, reykingabann. Þingskjal 132/0470


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar frá Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál um reykingabann.

Málið var kynnt á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 7. febrúar sl.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fagnar fram komnu frumvarpi um tóbaksvarnir og þeim framförum, sem væntanleg lög hafa í för með sér varðandi bann við tóbaksreykingum í þjónusturýmum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, þ.m.t. á veitinga- og skemmtistöðum og á þeim stöðum þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram. Umrætt frumvarp er í anda þeirra laga, sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur unnið eftir frá fyrstu tíð, þ.e. að allir eigi m.a. rétt á hreinu og ómengdu andrúmslofti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands


Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/892
komudagur 17.2.2006



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2006

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002,
um tóbaksvarnir**

Heimili og skóli fagnar framkomu frumvarpsins og gerir enga athugasemdir við það.

F.h. Heimilis og skóla

Elín Thorarensen

Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 8. febrúar 2006

Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál, reykingabann.

Stjórn Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, styður frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, fagnar frumvarpi þessu og telja frumvarpið kærkomið innlegg í baráttuna við tóbaksnotkun og bendir á að aldrei megi slaka á áróðri gegn reykingum því reykingar aukist strax og reglubundinn áróður hættir. Þeim peningum, sem eytt er í tóbaksvarnir, er vel varið og reyndar betur en í flest annað. Eitt dauðsfall á dag af völdum reykinga er ekki lengur ásættanlegt.

Virðingarfyllt
f.h. Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga


Asgeir Þór Arnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla,
landssamtaka hjartasjúklinga.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1033
komudagur 24.2.2006



HJARTASJÚKDÓMAFÉLAG
ÍSLENSKRA LÆKNA
ICELANDIC CARDIAC SOCIETY

Reykjavík 20. febrúar 2006

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Að beiðni Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis hefur stjórn Hjartasjúkdómafélags íslenskra lækna tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál, reykingabann.

Hjartasjúkdómafélagið gerir aths við 2. grein frumvarpsins, lið c. Félagið telur að í grein þessari ætti að kveða á um algert reykingabann á gististöðum sem og veitinga- og skemmtistöðum og að slíkt bann ætti ekki að vera háð ákvæðum reglugerðar.

Að öðru leyti hefur Hjartasjúkdómafélag íslenskra lækna engar athugasemdir fram að færa við þetta frumvarp eða einstakar greinar þess. Félagið leyfir sér að fagna sérstaklega frumvarpi þessu og telur að það stuðli að því að markmið heilbrigðisáætlunar Alþingis nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Hjartasjúkdómafélgs íslenskra lækna,

Karl Andersen dr med
Formaður stjórnar



RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

HOLTASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 535 1800 • FAX 535 1801

Alþing. 132/928
Erindi nr. P/132/928
komudagur 21.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2006
Tilv.: GS/mh

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir

Umsögn frá Hjartavernd

Hjartavernd fagnar mjög framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Hjartavernd álitur að þetta frumvarp sem felur í sér að reykingar verði bannaðar innanhúss til verndar þeim sem vinna þar og til verndar almenningi fyrir skaðlegum áhrifum óbeinna reykinga sé mikið framfaraspör. Skaðsemi óbeinna reykinga verður ekki lengur dregin í efa með aukna áhættu sem nemur 20-50% á hjarta- og lungnasjúkdómum. Með frumvarpinu er mjög ítarleg og vel unnin greinargerð með tilvitnunum í rannsóknir sem sýnt hafa fram á skaðsemi þessa.

Hjartavernd vill einnig benda á að þar sem svipuð lög hafa verið sett hefur það leitt til 10-20% minni reykinga í heild sinni og það eitt og sér mun örugglega bjarga lífi og heilsu margra Íslendinga í framtíðinni.

Hjartavernd gerir engar athugasemdir við orðalag frumvarpsins í heild sinni og mælir eindregið með að það verði samþykkt sem fyrst og taki gildi 1. júní 2007.

Fyrir hönd Hjartaverndar,


Gunnar Sigurðsson, læknir, formaður

ÍSÍ ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is, www.olympic.is



Alþingi
Erindi nr. P 132/819
komudagur 10.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2006

Vísað er í bréf Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 6. febrúar 2006 þar sem óskað er umsgagnar ÍSÍ á frumvarpi til laga um tóbaksvarnir, 388. mál, reykingabann.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands lýsir yfir stuðningi sínum við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst,
ÍSÍ- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Ellert B. Schram
forseti

Stefán Konráðsson
framkvæmdastjóri

ÓLYMPIÚFJÖLSKYLDAN



Alþingi
Erindi nr. P 132/951
komudagur 22.2.2006



Krabbameinsfélagið

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2006


**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á
lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir**


Stjórnir Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur fagna fram komnu frumvarpi og hvetja til þess að það verði samþykkt fyrir þinglok.

Það hefur verið baráttumál krabbameinssamtakanna í meira en hálfra öld að draga úr skaðsemi tóbaksreykinga með öllum tiltækum ráðum. Félagið hefur fyrir löngu bent á mikilvægi þess að reykingar verði bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum og styður því eindregið hugmyndir heilbrigðisráðherra samkvæmt frumvarpinu.

Mikilvægt er að Ísland fylgi fordæmi margra nágrannaríkja okkar í þessum efnum. Sem dæmi má nefna að Bretar hafa nýlega ákveðið afdráttarlaust reykingabann frá og með miðju ári 2007.

Með vinsemd,


Sigurður Björnsson
formaður Krabbameinsfélag Íslands


Jóhannes Tómasson
formaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 13. febrúar 2006
2006020045/91/SG/gh

Vísað er til samantektar landlæknis um skaðsemi reykinga frá 2. desember 2002 til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Frumvarp þetta fjallar um eitt þarfasta mál til eflingar heilsu fólks, sem fram hefur komið um alllangt skeið. Frumvarpið gerir ráð fyrir banni við reykingum á almannaferi, þ.á.m. á veitinga- og skemmtistöðum auk ýmis konar annarra þjónusturýma sem skilgreind eru mjög vítt í frumvarpinu. Ákvæði laganna koma til framkvæmda þann 1. júní 2007.

Ekki á að þurfa að deila lengur um skaðsemi reykinga en í tilefni frumvarpsins og þeirrar umræðu sem orðið hefur um efni þess er nauðsynlegt að ítreka og rifja upp að tóbaksreykingar eru helsti faraldur 21. aldarinnar. Sé litið til heimsins alls er dánartala einungis vaxandi af völdum tveggja tegunda sjúkdóma, þeim er tengjast tóbaksnotkun og af völdum HIV.

Á grundvelli rannsóknar sinnar hefur Hjartavernd áætlað að tæplega 300 Íslendingar látist árlega hér á landi af völdum sjúkdóma sem rekja má beint til tóbaksreykinga. Samkvæmt upplýsingum frá Lýðheilsustöð reykja um 22% fullorðinna Íslendinga og gera má ráð fyrir að heildarfjöldi reykingamanna á Íslandi sé einhvers staðar á bilinu 30-40 þúsund. Talið er að um helmingur allra sígarettureykingamanna muni að lokum deyja vegna tóbaksnotkunar sinnar. Reykingar valda a.m.k. 80% dauðsfalla af völdum lungnakrabbameins, um það bil 80% dauðsfalla af völdum lungnaþembu og tæplega 20% allra dauðsfalla af völdum hjartasjúkdóma.

Reykingamenn sem reykja rúmlega pakka af sígarettum á dag eru í um það bil 25% meiri hættu á að deyja úr lungnakrabbameini en þeir sem ekki reykja. Sígarettureykingar auka líkur á kransæðastíflu tvö- til þrefalt miðað við þá sem ekki reykja. Konum sem reykja og nota getnaðarvarnatöflur er tíu sinnum hættara við kransæðstíflu og heilablóðfalli heldur en konum sem taka getnaðarvarnatöflur en reykja ekki.


Óbeinar reykingar eru einnig verulegt vandamál og talið er að allnokkur tilvik lungnakrabbameins og hjartasjúkdóms megi rekja til þeirra og ennfremur innlagnir barna vegna ýmissa kvilla á sjúkrahús. Börn á reykingaheimilum búa við meiri hættu á sýkingum í öndunarvegi, þau fá asmaeinkenni oft og ungbarnadauði (Sudden Infant Death Syndrome) er líklegri á reykingaheimilum en öðrum. Í þessu efni má einnig minnst á nýlegar upplýsingar frá Helena, Montana í Bandaríkjunum, en þar voru reykingar bannaðar tímabundið á öllum

opinberum stöðum. Á meðan reykingabannið varði brá svo við að fjölda innlagna vegna brjóstverkja og kransæðavandamála á eina sjúkrahús bæjarins fækkaði verulega.

Þetta frumvarp miðar að tvennu; í fyrsta lagi að stemma stigu við áhrifum óbeinna reykinga, og er þar bæði horft til starfsfólks í hvers kyns þjónusturýmum, þ.á.m. veitingahúsum, og að sjálfsögðu þorra almennings sem sækir þjónustu; í öðru lagi er með frumvarpinu send mjög sterk skilaboð til samfélagsins um alvarleg áhrif reykinga á heilsufar. Í þessu er ekki fólgin meiri forræðishyggi, nema síður sé, heldur en í takmörkunum á ökuhraða, skyldunotkun bílbelta, bann við innflutningi fikniefna, refsinga vegna ofbeldis o.s.frv.

Þung rök hníga þess vegna að því að stemma stigu við reykingum og segja má, þegar litið er til lýðheilsu í heiminum öllum, að fá verkefni séu jafn brýn og að draga úr þeim. Landlæknir vill því eindregið beina því til Alþingis að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Alþingi nefndasvið
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22.02.2006
Tilv. 40.13
MP/gg

Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál, reykingabann

Vísað er til bréfs Alþings frá 6. þ.m. þar sem LSH er gefinn kostur á að veita umsögn um mál 388, reykingabann, um breytingar á lögum 6/2002, um tóbaksvarnir.

Í athugasemdum við þetta frumvarp er meginmarkmið sagt vera vinnuvernd starfsmanna. Eru þessar röksemdir nánar útlistaðar í frumvarpinu og athugasemdunum.

Um langt skeið hefur verið í gildi reykingabann á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Er það skýr afstaða LSH að stofnunin eigi að ganga á undan með gott fordæmi.

Minna má á meginmarkmið laga 6/2002 sem er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks. LSH vill vera í fararbroddi hvað tóbaksvarnir varðar og hefur sett skýr fyrirmæli um bann við reykingum að teknu tilliti til heimildarákvæðis í 10. gr. 1. 6/2002 varðandi reykingar sjúklinga. Þannig eru reykingar starfsfólks óheimilaðar og er starfandi vinnuhópur sem hefur það hlutverk að ná því markmiði að LSH verði fortakslaust reyklaus vinnustaður.

Í frumvarpinu er kveðið skýrt á um að reykingar verði óheimilar í þjónusturými stofnana og á þetta við um LSH jafnt sem aðra stofnanir/húsakynni eins og það er nánar útlistað, sbr. þó síðari málslíð 5. tl. 10. gr. laganna.

Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um einstakar greinar frumvarpsins. Afstaða LSH er afar skýr varðandi tillögu til breytinga á lögum 6/2002, að mæla eindregið með framgangi málsins á Alþingi. LSH þykir jafnframt ástæða til að lýsa yfir ánægju með greinargerð Lýðheilsustöðvar sem fylgir frumvarpinu, sbr. fylgiskjal I, þar sem fjallað er um óbeinar reykingar og afleiðingar þeirra. Þessi greinargerð er skýr vísbending um hættuna sem er til staðar vegna óbeinna reykinga og eftir lestur hennar ætti að vera auðveldara að ná sátt um frumvarp það sem er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1064
komudagur 27. 2. 2006

Nefndasvið Alþingis (Heilbrigðis- og trygginganefnd)
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2006.

Drög að umsögn um

frumvarp til laga
um tóbaksvarnir, 388. mál, reykingabann.

Megin markmið framkomu þessa frumvarps er vinnuvernd starfsmanna með vísan til gildandi vinnuverndarlaga og tóbaksvarnalaga og vernd almennings með vísan til hratt vaxandi fjölda vísindalegra sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum, eins og segir í kaflanum um markmið frumvarpsins. Í greinargerð um forsögu málsins er bent á að í áranna rás hafi íslensk stjórnvöld verið í fararbroddi í heiminum í lagasetningu og forvörnum á sviði tóbaksvarna og því er að mati LEB lítil ástæða til að dragast aftur úr öðrum þjóðum í þessum efnum.

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur fjallað um frumvarpið per capsulam og lýsir yfir fullum stuðningi sínum við frumvarpið. Skaðsemi reykinga dregur verulega úr langlífi þeirra sem reykja og nú eru sett fram verulega sláandi niðurstöður um skaðsemi óbeinna reykinga. Lífsgæði eldri borgara aukast verulega þegar áhrif reykinga á tilveru þeirra hverfa.

Virðingarfyllst

Ólafur Ólafsson, frmaður LEB

Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB

Rangfærslur um tengsl óbeinna reykinga og lungnakrabbameins

Í kjölfar þess að lagt var fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um tóbaksvarnir hefur ein einstök rannsókn, sem unnin var á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og birt árið 1998, verið talsvert til umræðu. Því hefur verið haldið fram að rannsóknin leiði í ljós að ekki séu tengsl milli óbeinna reykinga og lungnakrabbameins og reynt hefur verið að gera tortryggilegt að niðurstöðum þessarar rannsóknar sé ekki hampað nægilega í greinargerð Lýðheilsustöðvar sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Í ljósi hinnar miklu umræðu þykir rétt að leiðrétta þennan misskilning og jafn framt birta fréttatilkynningu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um rannsóknina frá árinu 1998, en tilkynningin var andsvar stofnunarinnar við sambærilegum mistúlkunum og þeim sem hafa verið að birtast hér á landi.

Hið rétta í málinu er að umrædd rannsókn sýnir fram á veik tengsl óbeinna reykinga og lungnakrabbameins en þó ekki tölfræðilega marktæk (til þess er úrtakið ekki nógu stórt). Ástæða þess að ekki er minnst á þessa rannsókn í greinargerðinni er að um 50 faraldsfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu sviði á síðustu 25 árum og vísað er í samantekt úr öllum þessum rannsóknum í greinargerðinni. Þar á meðal er umrædd rannsókn. Þessi umrædda rannsókn er því aðeins ein af fjölmörgum rannsóknum á sambandi óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Auk faraldsfræðilegra rannsókna hafa verið gerðar rannsóknir á dýrum, mælingar á eiturefnum og líffræðilegar rannsóknir. Þegar niðurstöður allra þessara rannsókna eru teknar saman, þar með talin umrædd rannsókn á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, kemur skýrt í ljós að óbeinar reykingar („exposure to second hand smoke”) eru krabbameinsvaldandi („carcinogenic”). Þessari einu rannsókn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur síður en svo verið stungið undir stól, heldur hafa niðurstöður hennar verið teknar með í tölfræðútreikninga og frekar styrkt samband óbeinna reykinga og lungnakrabbameins, þar sem niðurstöðurnar hnigu í sömu átt og fjölda annarra rannsókna, án þess þó að vera tölfræðilega marktækar.

Tengillinn hér fyrir neðan vísar á Monograph 83 (Monographs on the Evaluation of Carcinogenic Risks to Humans) þar sem Krabbameinsrannsóknastofnun WHO (IARC) dregur saman niðurstöður rannsókna um óbeinar reykingar og tengsl þeirra við krabbamein: <http://www-cie.iarc.fr/htdocs/indexes/vol83index.html>

Fréttatilkynning WHO/29

9. mars 1998

**ÓBEINAR TÓBAKSREYKINGAR VALDA
LUNGNAKRABBAMEINI, LÁTID EKKI BLEKKJAST**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur opinberlega verið sökuð um að leyna upplýsingum. Andstæðingar stofnunarinnar halda því fram að hún hafi stungið undir stól skýrslu sem ætlað var að sanna vísindalega að tengsl væru á milli óbeinna reykinga eða tóbaksreyks í umhverfi (ETS) og ýmissa sjúkdóma, einkum þó lungnakrabbameins. Er því haldið fram að ekki hafi tekist að sanna það. *Báðar fullyrðingarnar eru rangar.*

Umrædd rannsókn er tilfella-viðmiðuð rannsókn („case control study“) á áhrifum óbeinna reykinga á líkur á lungnakrabbameini hjá evrópskum þjóðum, sem 12 rannsóknamiðstöðvar í sjö Evrópulöndum hafa unnið að undanfarið sjö ár, undir yfirumsjón Krabbameinsrannsóknastofnunar WHO (IARC).

Í fréttáflutningi undanfarið hafa niðurstöður rannsóknarinnar verið algjörlega rangtúlkaðar en þeim ber að mestu saman við niðurstöður úr sambærilegum rannsóknum bæði í Evrópu og víðar: *Óbeinar reykingar valda lungnakrabbameini hjá fólki sem ekki reykir.*

Í rannsókninni kom fram að ætla megi að líkur aukist um 16% á lungnakrabbameini hjá reyklusum ef makar þeirra reykja. Ætla má að aukningin sé um 17% hjá þeim sem búa við óbeinar reykingar á vinnustað. Úrtakið var hins vegar það lítið að hvorug niðurstaðan var tölfræðilega marktæk. Rannsóknin bendir þó til þess að það dragi úr áhættunni þegar óbeinar reykingar eru ekki lengur til staðar.

Skýrsla um rannsóknina sjálfa var í febrúar 1998 send til viðurkennds vísindatímarits með það fyrir augum að fagfólk yfirfæri hana og gagnrýndi, eins og venja er. Vegna þessa er skýrslan í heild sinni ekki enn opinberlega aðgengileg (í mars 1998). Í ljósi ofangreindra aðstæðna hafa höfundar skýrslunnar þó tekið þá ákvörðun að útbúa útdrátt úr skýrslunni ætlaðan fjölmiðlum.

«Afar mikilvægt er að gera sér grein fyrir að niðurstöður rannsókna þessarar eru í fullu samræmi við helstu vísindalegar rannsóknir á málefnum sem yfirvöld í Ástralíu, Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna og Kaliforníuríki gáfu út árið 1997,» sagði Neil Collishaw, settur yfirmaður tóbaks- og heilbrigðisdeildar WHO í Genf. «Breska læknatímaritið British Medical Journal birti einnig umfangsmikla eftirgreiningu á tengslum óbeinna reykinga og lungnakrabbameins árið 1997. Bæði þessi rannsókn og fyrri greiningar á vísindalegum gögnum hafa leitt til ótvívæðs samhljóða álits um heim allan: óbeinar reykingar valda lungnakrabbameini og öðrum sjúkdómum,» bætti hann við.

«Krabbameinsrannsóknastofnun WHO er stolt af þeim vísindalegu rannsóknum sem þessir evrópsku vísindamenn hafa staðið að,» sagði dr. Paul Kleihues, forstjóri stofnunarinnar. «Við höfum miklar áhyggjur af röngum og villandi yfirlýsingum sem nýlega hafa komið fram í fjölmiðlum. Það er engin tilviljun að þessar röngu upplýsingar komu fyrst fram í breskum blöðum rétt fyrir reyklusu daginn í Bretlandi og um það leyti sem áformað var að gefa út skýrslu bresku vísindanefndarinnar um tóbak og áhrif þess á heilbrigði.»

Allar fréttatilkynningar WHO, upplýsingablöð og greinar er hægt að kynna sér, ásamt öðrum gögnum um þetta málefni, á vefsetri WHO, <http://www.who.ch>

Fréttatilkynningin á ensku er hér: <http://www.who.int/inf-pr-1998/en/pr98-29.html>

Vísindagreininna, sem birt var úr umræddri rannsókn, má lesa hér:

<http://jncicancerspectrum.oxfordjournals.org/cgi/reprint/jnci;90/19/1440.pdf>

INVOLUNTARY SMOKING (Group 1)

For definition of groups, see Preamble.

VOL.: 83 (2002)

5. Summary of Data Reported and Evaluation

5.1 Exposure data

